

Mál nr. 213/2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna hálkuslyss, þann 31. mars 2015.**

Málskot M, dags. 19.6.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.

Bréf V dags. 10.7.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.

Málsatvik.

M rann til í hálfu og slasaðist þann 31. mars. 2015 þegar hún var á gangi á lóð X. Dvaldi hún á umræddum tíma á heilsustofnun X sér til heilsubótar. Stóð dvalargestum til boða að taka þátt í daglegum göngutúrum sér til heilsubótar á meðan dvöl þeirra stóð. Var M á göngu með slíkum gönguhóp þegar atvikið átti sér stað og var hópurinn leiddur af starfsmönnum X.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni tjóni sínu á þeim grundvelli að tjónið megi rekja til vanrækslu af hálfu starfsmanna X. Í því sambandi byggir M m.a. á því að það hafi verið ámælisvert af starfsmönnum X að leiða hóp skjólstæðinga stofnunarinnar yfir hálkusvæði þegar aðrar gönguleiðir voru auðar og greiðfærar. Þá hafi ekki verið hafður uppi sérstakur viðbúnaður eða gerðar varúðarráðstafanir vegna hálkunnar. Engar merkingar eða viðvaranir hafi gefið til kynna að hálka væri á þessari leið og starfsmenn X hafi ekki haft uppi nein varnaðarorð um hálkuna. Enn fremur hafi leiðin hvorki verið söltuð né sandborin, né heldur hafi verið hitalögn í jarðvegi.

V tiltekur í bréfi sínu til nefndarinnar að málsaðilum beri ekki saman um það hvar atvikið átti sér stað. M vísi til þess að slysið hafi átt sér stað á göngustíg á lóð X en samkvæmt upplýsingum frá X hafi slysið átt sér stað á götu á lóð X. Umrædd gata sé í venjulegri gönguleið, sem gengin er daglega allt árið um kring og nauðsynlegt sé að fara yfir hana til að komast að húsnæði X. Hafnar V þeirri fullyrðingu M að hægt hefði verið að velja aðra auða og greiðfæra leið í stað leiðarinnar sem valin var. Við þær aðstæður sem ríktu hefði öllum, þ.á.m. M, mátt vera ljóst, og ekki getað dulist, að hálka væri á lóðinni og í kring um stofnunina. Þá vísar V til þess að skv. upplýsingum frá X sé ávallt tilkynnt til gönguhópa ef það er hálka úti og dvalargestum bent á að nota mannbrodna. Þá séu mannbroddar til sölu í verslun X á svæðinu.

Álit:

Gögn málsins bera með sér að þegar atvikið átti sér stað hafi verið talsverður snjór yfir jörðu. Mátti M því vera ljóst að hálka kynni að vera á svæðinu og þörf væri á notkun sérstaks skóbúnaðar, svo sem mannbrodna, til hákuvarna. Hafi hún ekki átt slíkan búnað átti hún þess kost að sleppa gönguferðinni í ljósi aðstæðna, enda var um að ræða valkvæða gönguferð. Engin gögn styðja fullyrðingar M um að unnt hefði verið að velja aðra auða eða greiðfæra leið í stað þeirrar sem var valin í umrætt sinn. Telst fullyrðingin því ósönnuð og ber M hallann af þeim sönnunarskorti. Verður það því ekki metið starfsmönnum X til gáleysis að hafa valið þá leið sem farin var. Að teknu tilliti til gagna málsins verður ekki fullýrt að tjón M verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.